

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Flóahreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Flóahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag í landi Kríumýrar.

Í skipulaginu felst að sunnan núverandi húsa á jörðinni verða afmarkaðar tvær nýjar lóðir, önnur fyrir einbýlishús og hin fyrir 3 frístundahús, 5 smáhýsi til útleigu og tjaldsvæði með þjónustuhúsi. Fyrir á svæðinu eru nokkrar byggingar ásamt 2 byggingarreitum fyrir einbýlishús.

Samþykkt í sveitarstjórn 6. júní 2007.

Ofangreind deiliskipulagsbreyting hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 18. desember 2007.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 9. janúar 2008